



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS  
ICELAND CHAMBER  
OF COMMERCE

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 132/117*  
*komudagur 23.11.2005*

**Nefndasvið Alþingis**  
**Efnahags- og viðskiptanefnd**  
**b/t Hlínar Lilju Sigfúsdóttur, nefndarritara**  
**Austurstræti 8 - 10**  
**150 Reykjavík**

Reykjavík, 23. nóvember 2005

**Efni: Páltill. um aðgerðir til að endurh. efnahagsl. stöðugleika (5. mál).**

Viðskiptaráð Íslands þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda tillögu til þingsályktunar sem miðar að því að stuðla að stöðugleika í ýmsu tilliti. Í sjálfu sér ber að fanga því að flutningsmenn sýni þetta frumkvæði og fagna ber allri umræðu um stöðu og horfur í atvinnulífinu. Þær aðgerðir sem lagðar eru þó annars vegar ekki til þess fallnar að ná markmiðum ályktunarinnar og hinsvegar fela þær í sér of mikið inngrip af hálfu hins opinbera.

Fyrsta aðgerðin sem lögð er til felur í raun í sér að banna allar stóriðjuframkvæmdir fram til ársins 2012. Ef um framkvæmdir einkaaðila er að ræða sem standast lög og reglur að öðru leyti fælist í slíku of mikil skerðing á frelsi atvinnulífsins til að fara í aðgerðir sem skila arði bæði til atvinnulífsins, sem og þjóðarbúsins í heild. Ótækt er að láta einstaka einkaaðila bera ábyrgð á stöðugleika þjóðarbúsins eða láta þá verða fyrir barðinu á því ef þensla er of mikil. Ef um ríkisstóriðjuframkvæmdir er að ræða er besta leiðin til að takmarka þær að selja einkaaðilum orkufyrirtækin. Einkaaðilum býðst ekki eins hagstæð fjármögnun á framkvæmdum sínum og ríkinu og gera einkaaðilar því meiri arðsemiskröfur til framkvæmda sinna. Með aukinni arðsemiskröfu fækkar þeim framkvæmdamöguleikum sem viðkomandi aðili getur farið út í.

Aðgerðir 2 og 3 eru öðrum þræði undan sömu rót runnar. Mikil aukning hefur verið á framboði á lánsfé til húsnæðiskaupa sem hefur orsakað mikla veltu á þeim markaði og hækkað húsnæðisverð. Ástæða þess er ekki áhættumat í bankakerfinu eða lág bindiskylda hjá innlánsstofnum heldur aukin útlán Íbúðalánasjóðs. Framsóknarflokkurinn lofaði 90% húsnæðislánnum í aðdraganda alþingiskosninga 2003 og var ákvæði um slíkt tekið upp í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. Áður bauð Íbúðalánasjóður upp á 65% fjármögnun allt að 8 milljónum en þeir sem þurftu meiri

fjármögnun leituðu til banka og lífeyrissjóða. Bankar sáu því fram á það að ríkið væri að fara í beina samkeppni við þá um viðbótarfjármögnunina. Eðlileg viðbrögð þeirra til að verja markaðsstöðu sína voru að svara kröfu markaðarins um hærri lán á lægri vöxtum. Besta leiðin til að bregðast við þessar þróun er því að ríkið hætti að lána fólki til húsnæðiskaupa, a.m.k. hætti að lána þeim sem geta fjármagnað húsnæði sitt með öðrum hætti.

Varðandi aðgerð 4 er það að segja að eðlilegast er að samningsaðilar, hvort sem er lánastofnun og lántaki eða atvinnurekandi og starfsmaður ráði því sjálfir við hvaða vísitölu samningar eru bundnir og hvernig sú vísitala er reiknuð. Það er því enginn þörf á því að ríkið ákveðið við hvaða vísitölur er miðað eða hvernig slíkar vísitölur eru settar saman.

Hvað varðar aðgerð 5 er það að segja aðahald í ríkisrekstri verður ekki tryggt með því að hækka skatta eða halda háum sköttum. Aðhald í ríkisrekstri verður best tryggt með því að draga úr ríkisútgjöldum.

Af ofangreindum ástæðum leggst Viðskiptaráð gegn því að tillagan nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,  
f.h. Viðskiptaráðs Íslands,

  
Davíð Þorláksson